

Nd.

631. Nefndarálit

[95. mál]

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 80 10. júlí 1973.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur kynnt sér frumvarpið og rætt það á nokkrum fundum. Ráðuneytisstjóri samgönguráðuneytis og vegamálastjóri voru kvaddir á fund nefndarinnar til skrafs og ráðagerða. Nefndarmenn eru í meginatriðum sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins. Þeir hafa þó allir áskilið sér rétt til að breyta eða fylgja breytingartillögum. Nánari grein verður gerð fyrir málinu í framsögu.

Óhjákvæmilegt er að breyta frv. í þeim búmerki, sem það kom í frá Ed., á þann hátt, að 15. gr. skiptist í tvær greinar og aðrar dagsetningar verði í ákvæði til bráðabirgða en nú eru þar. eru nefndarmenn sammála um þessar

BREYTINGAR:

1. Við 15. gr. Á eftir orðunum „um framkvæmd eignarnáms“ í 1. málsg. komi ný greinatala og þar hefjist 16. gr.
2. Við ákvæði til bráðabirgða. Dagsetningar breytist þannig, að í stað „15. apríl“ komi: 25. maí, og í stað „1. maí“ komi: 1. júní.

Alþingi, 9. maí 1975.

Friðjón Þórðarson,
form., frsm.

Karvel Pálmason.

Sverrir Hermannsson.
fundaskr.

Garðar Sigurðsson.

Guðrún Benediktsdóttir.

Sigurlaug Bjarnadóttir.

Stefán Valgeirsson.